

ÆSIR Á FLJÚGANDI FERÐ

HEFND
LOKA

IÐVNN
STEINSDÓTTIR
ENDURSEGIR
HLUTA
SNORRA-EDDV
FYRIR BÖRN



KENNSLULEIÐBEININGAR OG VERKEFNI



NÁMSGAGNASTOFNUN
09893

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Efni kafla – yfirlit	4
Vinnublöð 1–16	8–23

Lesskilningsverkefni

úr kafla 1	24
úr kafla 5	27
úr kafla 10	30
úr kafla 11	33
úr kafla 15	36

Samlestur

Máttur galdrastafanna	39
Veisla hjá Útgarða-Loka	41
Mjöður skálda og leirskálda	45
Hermóður á Helvegi	49
Veisla Ægis	51

Hugtakasafn úr norrænni goðafræði	54
---	----

INNGANGUR

ÁGÆTV KENNARAR

Þá er komið að lokum Eddusagnanna.

Ég legg enn áherslu á að þetta er ekki kennslubók í ásatrú heldur endursögn á sögum úr Gyldfaginningu, Skáldskaparmálum og Eddukvæðum. Trúlega verða ekki allir sem hafa sökkst sér niður í þessi fræði sammála túlkun minni á ýmsum smáatriðum af því að hver sem les norræna goðafræði fær eigin sýn á þau og túlkar þau á sinn hátt. Og það er einmitt kostur þessara fornu fræða hve margt við getum lesið út úr þeim. Eins og áður nýti ég samtöl til að varpa ljósi á persónuleika goða og gyðja. Samtölin eru tilbúningur minn en gagnleg til að gefa persónunum líf.

Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika á því hvernig má nota þessa bók í skólanum: Kennari getur lesið hana fyrir bekkinn í nestistímum og leyft svo nemendum að glíma við verkefnið hverjum fyrir sig eða nokkrum saman. Nemendur geta sjálfir lesið bókina og fengið samhliða eða eftir á að velja sér verkefni úr henni. Einnig geta þeir unnið saman tveir eða fleiri.

Þetta efni hentar vel til sagnagerðar, ekki síst munnlegrar, enda eru þetta upphaflega munnmælasögur sem hafa gengið frá kynslóð til kynslóðar.

Hér á eftir er farið yfir kafla bókarinnar og gefnar hugmyndir um umræðuefni. Síðan eru meðfylgjandi verkefni sem nemendur geta spreytt sig á í tengslum við hvern kafla. Einnig eru fimm lesskilnings- og fimm samlestrarverkefni.

EFNI KAFLA – YFIRLIT

1. kafli

FREYR SEST Í HLIÐSKJÁLFI

Hér gerir Freyr það sem ekki má. Það er nokkuð sem flestir hafa lent í og mætti ræða.

Á vinnublaðinu er líka spurt hvort sá staður sé til á jörðinni þar sem hægt sé að sjá um allan heim og hver hann gæti verið. Þetta gæti gefið tilefni til að skoða landakort eða spá á annan hátt í fjöllin á jörðinni. Kaflanum fylgir lesskilningsverkefni.

2. kafli

MÁTTUR GALDRASTAFANNA

Sameiginlegt vinnublað fylgir 1. og 2. kafla. Hefði Skírnir kannski getað náð árangri með öðru en hótunum og þá hvernig? Hluti kaflans er settur upp í samlestrarformi með fjórum persónum.

3. kafli

ÞÓR LEGGUR Í LANGFERÐ

Í þessum kafla verður Þjálfur það á að brjóta lærbein annars hafursins til að ná í merginn. Kannast nemendur við það að bein séu brotin til mergjar? Hafa þeir prófað það sjálfir? Hafrarnir voru snæddir aftur og aftur og risu alltaf heilir upp að morgni. Við höfum ekki mat af þessu tagi í dag en þó getur góður fiskur eða kjötréttur enst býsna vel ef afgangar eru nýttir. Þetta mætti ræða og sjá hvort nemendur eru vanir slíku.

4. kafli

UNDARLEGUR FERÐAFÉLAGI

Hér er minnst á jarðskjálfta og væri upplagt að ræða um þá. Á vinnublaðinu eru nemendur beðnir að segja frá kynnum sínum af jarðskjálftum. Að öðru leyti ráða galdrar og sjónhverfingar ríkjum. Kaflanum fylgir lesskilningsverkefni.

5. kafli

VEISLA HJÁ ÚTGARÐA-LOKA

Í þessum kafla niðurlægir Útgarða-Loki gesti sína aftur og aftur. Er rétt að taka svona á móti gestum? Hefði hann getað orðað hlutina öðruvísi? Kannast nemendur við svona framkomu við sig eða einhvern sem þeir þekkja? Hluti kaflans er settur upp í samlestrarformi með sex persónum.

6. kafli

JÁTNING ÚTGARÐA-LOKA

Í veislunni hjá Útgarða-Loka fannst Þór og félögum vafalaust að þeir hefðu staðið sig mjög illa. Annað kom í ljós í þessum kafla. Getur verið að þetta komi stundum fyrir okkur? Að okkur finnist við vera ómöguleg og allir geri allt betur en við en kannski sé það ekki rétt mat? Trúlega eru einhverjir sem hafa lágt sjálfsmat og gæti verið gott fyrir þá að ræða þetta. Eins gætu nemendur sagt frá eða skrifað stutta frásögn af slíku tilviki.

7. kafli

ÞJASSI LEIKUR Á LOKA

Hér bjargar Loki uxakjötinu frá erninum en Óðinn og Hænir rífa það í sig og skilja ekkert eftir handa honum. Hægt er að ræða siðgæðið í framkomu þeirra.

8. kafli

HRUKKÓTT GOÐ

Eins og víðar er hér allt töfrum magnað. Loki breytir sér í val, Iðunn verður hneta og Þjassi örn. Hægt væri að ræða það við nemendur í hvað þeir vildu breyta sér ef þeir gætu og bjóða þeim að skrifa og teikna um það.

9. kafli

MJÖÐUR SKÁLDA OG LEIRSKÁLDA

Hér mætti skoða hver er munur á verkum góðra skálda og leirskálda og í hverju hann felst. Hluti af þessum kafla er settur upp í samlestrarformi með sjö persónum.

10. kafli

HAMARINN HVERFUR

Hver á að passa dótið mitt? Ber ég ábyrgð á því sjálf(ur)? Þetta umræðuefni er alltaf þarft. Kaflanum fylgir lesskilningsverkefni.

11. kafli

FERÐIN TIL ÞRYMHEIMA

Þegar Þór fær hamarinn drepur hann Þrym og systurina. Þursarnir flýja og hann eltir þá og lemur. Var það nauðsynlegt? Hvað þarf hefnd að ganga langt? Þessum kafla fylgir lesskilningsverkefni.

12. kafli

DRAUMAR BALDURS

Frigg bað alla hluti í veröldinni að hlífa Baldri, að undanteknum mistilteininum. Getur verið að í dag séu tilkomnir einhverjir hlutir sem þyrftir að leita til með það sama? Hvaða hlutir gætu það verið?

13. kafli

RÁÐABRUGG LOKA

Frigg sagði ókunnugu konunni frá eina hlutnum sem gat skaðað Baldur og það hafði skelfilegar afleiðingar. Í því samhengi mætti ræða hvort rétt sé að treysta ókunnugum.

14. kafli

HERMÓÐUR Á HELVEGI

Í þessum kafla koma fyrir óvenjuleg nöfn á ýmsum hlutum. Nemendur gæu spreytt sig á að finna upp nöfn t.d. á hurðum, gluggum, hurðarhúnum, þröskuldum, töflunni og öðru því sem daglega ber fyrir augu. Hluti kaflans er settur upp í samlestrarformi með sex persónum.

15. kafli

VEISLA ÆGIS

Kaflinum fylgir lesskilningsverkefni og hluti af honum er settur upp í samlestrarformi með átta persónum.

16. kafli

LAXINN Í FRÁNANGURSFOSSI

Goðin höfðu sínar aðferðir við að leita að Loka. Óðinn og Heimdallur horfðu yfir heiminn en hrafnarnir tveir flugu um og sögðu Óðni svo hvað þeir sáu. Hvaða aðferðir mundum við nota í dag?

17. kafli

LOKI BUNDINN

Þar sem þetta er síðasta goðsagnabókin mætti biðja nemendur að rifja upp allt það sem hrekkjusvínið og hjálparhellan, Loki, gerði af sér í Ásgarði og einnig það sem hann gerði ásum til góða. Svo má vega og meta hvort vó þyngra og hvort hann átti skilið þá hefnd sem fram undan var.

Það sem Loki gerði rangt:

1. Hann klippti hárið af Sif.
2. Rændi Iðunni og kom henni í klær Þjassa jötuns.
3. Hann lét Hermóð fá mistilteininn sem hann vissi að gæti skaðað Baldur.
4. Hann var skessan Þökk sem neitaði að gráta Baldur.
5. Drap Fimafeng.

Það sem Loki gerði vel:

1. Hann útvegaði Þór hamarinn Mjölni og Sif gullhár, Óðni gullhringinn Draupni og spjótið Gungni, Frey fleyið Skíðblaðni og göltinn Gullinbursta.
2. Hann bjargaði málum þegar borgarsmiðurinn var í þann veginn að eignast Freyju, sól, tungl og mána.
3. Hann gaf Óðni hestinn Sleipni.
4. Bjargaði Iðunni frá Þjassa jötni.
5. Hann komst að því hvar hamar Þórs var falinn og hver hafði stolið honum. Svo hjálpaði hann Þór að ná hamrinum.

FREYR SEST Í HLIÐSKJÁLFI OG MÁTTUR GALDRASTAFANNA

Hver átti hásetið Hliðskjálfi? _____

Trúir þú því að Freyr hafi getað séð um allan heim þegar hann sat í Hliðskjálfi?
Rökstyddu svarið.

Ef til væri staður á jörðinni þar sem hægt er að sjá um allan heim. Hvaða staður
fyndist þér líklegastur og hvers vegna?

Skírnir fékk Gerði með hótunum til að játast Frey. Reyndu nú að finna eitthvert
skemmtilegra ráð til að ná sama árangri.

Hvaða ráði myndirðu beita til þess ef þú kynnir að galdra?

VNDARLEGUR FERÐAFÉLAGI

Í þessum kafla segir frá því að Þór og ferðafélagar hrukku upp við mikinn jarðskjálfta. Hefur þú upplifað eða heyrt talað um stóran jarðskjálfta? Ef svo er segðu þá frá því sem gerðist og hvernig þér leið.

Af hverju gátu Þór og félagar ekki borðað nestið sitt næsta kvöld?

Þór vildi leysa málið með því að rota Skrými en kannski hefðu önnur ráð verið betri. Hvað hefðir þú gert í þeirra sporum til að ná í nestið?

VEISLA HJÁ ÚTGARÐA-LOKA

Í þessum kafla lenda Þór og félagar í keppni sem endar alltaf illa. Manni dettur í hug að þarna hafi verið brögð í tafli og ekki allt eins og það leit út fyrir að vera. Spáðu nú í þetta og reyndu að finna skýringar á því sem gerðist.

A.

Þegar Logi keppti við Loka át hann líka beinin og trogið. Af hverju ætli hann hafi gert það?

B.

Við vitum að Þjálfí gat gengið jafn hratt og Skrýmir sem var alveg rosalegur jötunn. Af hverju ætli strákormurinn hann Hugí hafi þá verið svona miklu fljótari að hlaupa en hann?

C.

Þór var frægur fyrir það hve sterkur hann var og duglegur að berjast. Hvaða skýring gæti verið á því að hann gat ekki fellt eldgamla kerlingu í glímunni?

JÁTNING ÚTGARÐA-LOKA

Hjá höll Útgarða-Loka voru hamrar með þremur djúpum dölum.
Hvernig urðu þessir dalir til?

Hvernig sagði Útgarða-Loki að fjörurnar hefðu orðið til?

Hver var kötturinn sem Þór lyfti? Lýstu honum og samastað hans.

Útgarða-Loki beitti þessum sjónhverfingum af því að hann var hræddur við Þór. Hugsaðu þér að til þín kæmi gestur sem þú værir hræddur við. Hvernig myndir þú reyna að plata hann? Kannski gætirðu notað sjónhverfingar eins og Útgarða-Loki. Hvernig myndir þú beita þeim?

ÞJASSI LEIKUR Á LOKA

Hvað var það sem Óðinn vildi skoða og hvers vegna?

Hvernig stóð á því að Óðinn og Hæmir gátu borðað sig sadda en Loki fékk ekki neitt?

Dettur þér í hug eitthvað sem Loki hefði getað gert, annað en að lofa því að láta örninn hafa lðunni? Hvað gæti það verið?

Ímyndaðu þér hvað hefði komið fyrir Loka ef hann hefði ekki samþykkt að gera þetta? Segðu frá því hér.

HRVKKÓTT GOÐ

Af hverju var Loka illa við Heimdall? _____

Freyja átti dýrgrip sem hún lánaði Loka. Hver var hann og hvers vegna gerði hún það?

Hvernig dó Þjassi? _____

Segðu frá því hvernig Njörður eignaðist konu og hvað hún hét.

Hvað varð um augun í Þjassa jötni? _____

MJÖÐUR SKÁLDA OG LEIRSKÁLDA

Hvað er skáldamjöður? _____

Hvernig komst Óðinn í gegnum holuna í bjarginu? _____

Hvað hétu katlarnir sem mjöðurinn var geymdur í? _____

Hvernig losaði Óðinn sig við drykkinn? _____

Hvers vegna urðu sumir menn leirskáld en aðrir öðruvísi skáld?

Hver var munurinn á kveðskap leirskáldanna og hinna?

HAMARINN HVERFUR

Hver átti að passa hamarinn og af hverju hvarf hann?

Hvað var Þrymur að gera þegar Loki kom til hans?

Þrymur vildi skila hamrinum ef hann fengi Freyju. Hvað finnst þér að Freyja hefði átt að gera í málinu? Reyndu að rökstyðja skoðun þína.

Tengdu það sem á saman:

Sessrúmnir	Þingstaður
Iðavöllur	Bústaður konungs þursanna
Brisingamen	Bústaður goðanna
Ásgarður	Salur Freyju
Þrymheimur	Skartgripur Freyju

FERÐIN TIL ÞRYMHEIMA

Brjóstin á Þór voru stingandi þegar hann lagði af stað til Þryms. Hvers vegna?

Hvað át Þór og drakk í veislunni? _____

Hversu mikið magn heldurðu að þú hefðir getað borðað?

Hvað ætli Þór hafi lært af þessari reynslu? _____

Í þetta sinn bjargaði Loki málunum, eins og oft.

Hvaða aðferð beitti hann til þess? Krossaðu við rétt svar:

- ofbeldi
- gáfum
- lygum
- góðmennsku

DRAUMAR BALDURS

Af hverju hélt Baldur að hann mundi deyja og fara til Heljar?

Af hverju ætli allir hafi verið svona tilbúnir til að lofa að gera Baldri ekkert illt?

Nú skaltu telja upp tíu nútímahluti sem ekki voru til á þessum tíma.

Hvað heldurðu að gerðist ef þessum hlutum væri fleygt í Baldur?

RÁÐABRUGG LOKA

Af hverju var Loki í fýlu? _____

Hver ætli konan sem heimsótti Frigg hafi verið? _____

Af hverju átti Höður svona erfitt með að skjóta að Baldri?

Hermóður reið til Heljar til að reyna að kaupa líf handa Baldri. Heldurðu að það sé hægt? Hvers vegna, eða hvers vegna ekki?

Hugsaðu þér að þú sért við bálför Baldurs. Lýstu nú vandlega öllu sem þú sérð. Þú mátt alveg bæta þínum hugmyndum við það sem stendur í bókinni.

HERMÓÐUR Á HELVEGI

Tengdu saman það sem saman á:

Éljúðnir	Rúm Heljar
Fallandaforað	Hnífur Heljar
Kör	Salur Heljar
Sultur	Þjónustustúlka Heljar
Ganglöt	Diskur Heljar
Hungur	Þröskuldur

Hvaða skilyrði setti Hel fyrir því að sleppa Baldri?

Hvernig leit veröldin út þegar allur þessi fjöldi hafði grátið Baldur? Lýstu því í stuttu máli.

Hver heldurðu að skessan Þökk hafi verið? _____

Hvers vegna ætli hún hafi neitað að gráta Baldur? _____

VEISLA ÆGIS

Loka fannst goðin vera á móti sér. Höfðu þau kannski ástæðu til þess? Hver gæti hún verið?

Loki var að vísu mikill hrekkjalómur en samt gerði hann goðunum oft greiða. Nefndu að minnsta kost þrennt sem hann gerði fyrir þau.

Þegar veislan fyrir Ægi var haldin í Valhöll lýstu sverðin salinn upp. Í veislu Ægis var lýst upp með gulli sem var svo bjart að það ljómaði og þar rann ölið sjálft í glösin þegar þau voru tóm. Þetta er kallað sjónhverfingar. Nú skalt þú hugsa þér að þú ætlir að halda upp á afmælið þitt og beita sjónhverfingum. Segðu frá því hvernig þær gætu verið.

LAXINN Í FRÁNGURSFOSSI

Af hverju vildi Loki ekki fara heim í Ásgarð þegar hann fór úr veislu Ægis?

Hvernig skipulagði Óðinn leitina að Loka? Hver átti að gera hvað?

Hver fann Loka? _____

Hvaða gyðja ætli hafi verið með tár í augum þegar þær horfðu á eftir goðunum.
Hvers vegna var hún svona sorgmædd?

Af hverju eru laxar mjóir að aftan? _____

Af hverju breytti laxinn sér aftur í Loka? _____

LOKI BUNDINN

Það er áreiðanlega mjög vont að liggja á þremur hárbeyttum steinum. Finnst þér Loki eiga þetta skilið? Rökstyddu svarið.

Skaði setti eiturslönguna upp ofan við Loka til að hefna fyrir föður sinn. Var Loki einn valdur að dauða hans eða áttu fleiri hlut að máli?

Sigyn sagði við Frigg að hún vildi ekki koma heim í Ásgarð af því að hún ætlaði að reyna að létta Loka lífið. Hvernig ætlaði hún að gera það?

Gæti verið að hún hafi haft aðra ástæðu til að vilja ekki vera lengur í Ásgarði? Hvað dettur þér í hug?

FREYR SEST Í HLIÐSKJÁLFI

Morgunninn var drungalegur og regnský á himni. Freyr stóð utan við Valhöll og horfði í kringum sig. Goðin voru úti um hvippinn og hvappinn, Þór í austri að berja tröll og Óðinn í heimsókn hjá völvu sem hann vildi fræðast af. Einherjar voru þó mættir á vellinum og börðust af sama kappi og venjulega með hávaða og vopnabraki.

– Þeim væri nær að rækta jörðina, tautaði Freyr og gekk inn í Valhöll.

Freyr gekk herbergi úr herbergi en hvergi var nokkur sála og allt í einu var hann kominn að sjálfu hásætinu, Hliðskjálf. Þar hafði hann aldrei setið enda var það ekki ætlað öðrum en Óðni.

– Héðan á að sjást á heimsenda, sagði hann við sjálfan sig. Löngunin til að horfa yfir heiminn blossaði upp í honum. Enginn mundi sjá að hann tyllti sér í hásætið smástund og hvaða skaða gat það valdið úr því að Óðinn var ekki að nota það sjálfur?

Dálitla stund átti hann í harðri baráttu við sjálfan sig en svo sigraði freistingin. Hann gekk upp tröppurnar og settist. Veröldin blasti við og hann sá alla leið suður í Múspellsheim þar sem logarnir léku um þursana. Þarna var Surtur sem Óðinn hafði sagt að yrði Frey að bana í Ragnarökum. Freyr hvessti augun á hann. Víst var hann mikill og ljótur og eldglæringar dönsuðu um hann. En Freyr mundi bara grípa sverðið sitt og ráðast á hann. Þetta sverð var ekkert venjulegt. Það barðist sjálft og hann þurfti ekkert að gera nema að halda í það. Hann treysti því að það mundi sigra þennan þurs.

Svo leit hann norður til Jötunheima og stansaði við Gymisgarða þar sem skessan Angurboða og Gymir bjuggu. Þar var myndarlega byggt og allt í einu sá hann að ung kona gekk heim að stærsta húsinu. Hann greip andann á lofti, þessi kona var svo falleg að annað eins hafði hann aldrei séð.

Hann gat ekki slitið augun af henni. Þegar hún kom að útidyrnunum lyfti hún höndunum til að opna. Birtan flæddi af örmum hennar og lófum, skýin gufuðu upp og allt varð skínandi tært og fagurt. Svo gekk hún inn í húsið, lokaði á eftir sér og aftur dimmdi.

Freyr steig niður úr hásætinu og reikaði heim til sín. Hann lokaði að sér og neitaði að tala við nokkurn mann, vildi hvorki borða né drekka og gat ekki sofið þó að hann væri örþreyttur. Hann var á valdi einhverra töfra sem hann réð ekki við og grunaði að honum væri að hefna fyrir að setjast í Hliðskjálf í óleyfi.

Njörður, faðir hans, frétti af þessu og leist ekki á blikuna. Hann hafði samband við Skírni, þjón Freys, og bað hann að tala við soninn og reyna að fá botn í málið. Skírnir fór til Freys og spurði hvað gengi að honum. Freyr stundi þungan en sagði honum svo hvers kyns var.

– Þú verður að fara og biðja þessarar konu fyrir mína hönd. Mér er sama hvað faðir hennar segir, ég vil bara fá hana hingað til mín.

Hvað voru Einherjar að gera á vellinum? _____

Hvað fannst Frey að þeir ættu frekar að gera? _____

Hver bjó í Múspellsheimi? _____

Að hvaða leyti var sverðið hans Freys sérstakt? _____

Hvað gerðist þegar unga konan sem Freyr sá lyfti höndunum?

Hvað hét faðir Freys? _____

Hvern sendi hann til að tala við Frey? _____

Hvað vildi Freyr að hann gerði? _____

VEISLA HJÁ ÚTGARÐA-LOKA

– Ég kýs að fara í kappdrykkju við einhvern hér, sagði Þór.

Útgarða-Loki gekk inn í höllina og bað hirðmann sinn að koma með drykkjarhornið sem hirðmenn hans drykkju venjulega úr. Hirðmaðurinn kom og rétti Þór hornið.

– Það þykir vel af sér vikið ef maður klárar úr þessu horni í einum teyg. Margir gera það þó í tveimur og enginn hér er svo aumur að hann tæmi það ekki í þremur, sagði Útgarða-Loki.

Þór leit á hornið og sýndist það ekki mjög stórt en þó dálítið langt og mjótt í neðri endann. Hann bar það að vörum og drakk af mikilli áfergju, sannfærður um að sér tækist að tæma það í einum teyg. En þegar hann var orðinn svo móður af drykkjunni að hann varð að stoppa, leit hann niður í hornið og sýndist næstum ekkert hafa minnkað í því.

– Hvað er að sjá, ég hélt nú að Ásapór yrði fljótari en þetta að tæma hornið. En þú vilt sjálfsagt reyna aftur, sagði Útgarða-Loki.

Þór svaraði ekki en byrjaði aftur að drekka. Þegar hann lét hornið síga sá hann enn lítinn mun.

Útgarða-Loki var aldeilis hlessa.

– Þú ert sannarlega ekki það mikilmenni sem æsir halda fram ef þú stendur þig ekki betur í öðrum leikjum en þessum, stundi hann.

Þá reiddist Þór, lyfti horninu að vörum og þambaði sem mest hann mátti. Og þegar drykknum lauk sá hann loksins að eitthvað hafði lækkað í því.

– Þá vitum við hversu öflugur þú ert, sagði Útgarða-Loki og glotti. En ef þú vilt reyna eitthvað annað þá er þér það svo sem velkomið.

– Það vil ég. En ég verð þó að láta ykkur vita að heima í Ásgarði þættu svona drykkir ekki smáir. Hvaða leiki viljið þið nú bjóða mér? svaraði Þór.

– Unglingarnir herna leika sér stundum að því að lyfta kettinum mínum. Ég mundi nú ekki bjóða Ásaþór upp á það ef ég væri ekki búinn að sjá hvað þú ert miklu kraftminni en ég hélt, sagði Útgarða-Loki.

Þá hljóp grár köttur inn á hallargólfíð. Þór leist ekkert á stærðina á honum en gekk þó til hans, stakk hendinni undir kviðinn og lyfti honum upp. En kötturinn setti á sig kryppu sem hækkaði því meir sem Þór teygði höndina upp. Þór ætlaði ekki að gefast upp og teygði sig enn og þá lyfti kötturinn einum fæti frá jörðu.

– Þannig lauk þeim leik, rétt eins og mig grunaði. Og ekki við öðru að búast þar sem Þór er bara smákríli miðað við okkur hér, sagði Útgarða-Loki.

Þór hvessti sig:

– Þú kallar mig lítinn en ég spyr hver hér inni sé tilbúinn til að glíma við mig, því nú er ég reiður.

Útgarða-Loki leit í kringum sig og sagði svo:

– Ég sé engan mann hér inni sem ég get boðið upp á það. Ég held ég láti bara kalla í Elli gömlu, fósturu mína. Vill ekki einhver sækja hana og sjá hvort hún er til í slaginn. Hún hefur fellt þá menn sem voru vasklegri en Þór.

Þá gekk gömul kona inn í höllina og Útgarða-Loki bað hana að glíma við Þór. Hún kinkaði kolli og þau hófu glímuna. Þór neytti allra bragða sem hann kunni en kerlingin haggðist ekki. Loks tók hún að beita brögðum og þá mátti Þór hafa sig allan við. Á endanum tókst henni að koma honum á annað hnéð en þá gekk Útgarða-Loki fram og sagði þeim að hætta.

– Þór þarf ekki að glíma við fleiri hér, sagði hann.

Úr hverju drakk Þór? _____

Hvað drakk hann oft? _____

Hvernig var kötturinn sem Þór átti að lyfta á litinn? _____

Hvernig endaði tilraun Þórs til að lyfta honum? _____

Við hvern glímdi Þór? _____

Hvernig lauk glímunni? _____

HAMARINN HVERFUR

Hamarinn var horfinn.

Þór hentist upp í Valhöll og sagði tíðindin. Óðinn brá við og kallaði alla íbúa Ásgarðs saman út á Iðavöll. Þetta var skelfilegt. Hamarinn, beittasta vopn goðanna gegn jötnum, var nú trúlega kominn í hendur óvinanna.

– Hefur einhver hér orðið var við ferðir ókunnugra manna síðustu daga? spurði hann.

Allir hristu höfuð.

– Best gæti ég trúað að sá sem rændi hamrinum hafi verið í líki dýrs, sennilega fugls, sagði Freyja.

– Heimdallur átti náttúrulega að gæta þess að enginn ókunnugur gengi hér um garða, hvorki menn eða skepnur, sagði Loki.

– Hamarinn verður að finnast! öskraði Þór. Hann sneri sér að Loka.

– Þú ert vel kunnugur í Jötunheimum. Ef einhver getur komist að því hvar hamarinn er niður kominn þá ert það þú.

– Ég skal fara ef Freyja lánar mér fjaðrahaminn sinn, sagði Loki.

– Þó að hann væri úr skíra gulli eða silfri skyldi ég láta þig fá hann, því að nú er mikið í húfi fyrir okkur íbúa Ásgarðs, svaraði Freyja.

Loki brá yfir sig hamnum og hóf sig léttilega á loft í fákalíki.

Loki ákvað að fljúga fyrst til Þrymheims og tala við Þrym, konung þursanna sem þar bjuggu.

Þrymur sat úti á hólum og var að dunda við að festa ólar úr gulli á hundana sína. Hann leit upp þegar Loki lenti, glotti og spurði:

– Er ekki allt gott að fréttu af ásum og álfum?

– Nei, þaðan er allt illt að fréttu og mig grunar að þú eigir þinn þátt í því, svaraði Loki.

Þrymur var búinn að festa ól á síðasta hundinn og tók nú

til við að kember fangi á hestunum sínum.

– Nú, hvað er að? spurði hann.

– Hamar Þórs er horfinn og best gæti ég trúað að þú hefðir stolið honum.

– Auðvitað stal ég honum. Ég flaug inn í Ásgarð og enginn tók eftir mér. Það var ekki nokkur vandi að finna hamarinn. Ég skil nú ekkert í Þór að passa hann ekki betur.

Loki laumaðist nær Þrymi. Ef hann væri með hamarinn í vasanum væri kannski mögulegt að ná honum.

En Þrymur glotti bara enn breiðar og sagði:

– Þú finnur hann ekki hér. Ég faldi hann niðri í jörðinni.

– Í jörðinni?

– Já, hann er á svona um það bil hundrað kílómetra dýpi. Það er ekki mögulegt að nokkur maður nái honum þar þó að ég geti nálgast hann með mínum alkunnu töfrabrogðum

– Hvers vegna ertu að þessu? Ekki hefurðu neitt gagn af hamrinum þarna niðri.

– Ég hef svo sem engan áhuga á þessum hamri. Ég vil fá Freyju fyrir konu.

– Freyju?

– Já, ef þú færir mér hana skaltu fá hamarinn aftur.

Hvert kallaði Óðinn íbúana til að ræða málin? _____

Hver átti að gæta þess að enginn ókunnugur kæmi í Ásgarð?

Hvað lánaði Freyja Loka til ferðarinnar? _____

Hvað var Þrymur að gera þegar Óðinn kom til hans? _____

Hvar faldi Þrymur hamrinn? _____

Hvað vildi hann fá fyrir að skila hamrinum? _____

FERÐIN TIL ÞRYMHEIMA

Hún var glæsileg brúðurin sem sat við hlið Loka í vagninum hans Þórs þegar hann ók af stað til Jötunheima. Hárið var fagurlega uppsett í lokkum, brjóstin glerhörð og stingandi undir hvítum skósíðum kyrtlinum, lyklarnir hringluðu á kippunni og brísingamenið blikaði á barminum. Blæja var fyrir andlitinu og dýrir hringar glóðu á fingrunum. Þeir slógu í hafrana sem stukku af stað og hraðinn var slíkur að björg brotnuðu og steinar gneistuðu þegar hófarnir skullu á þeim.

Þrymur sá til þeirra og flýtti sér inn í höllina sína.

– Nú skuluð þið þekja bekkina með stráum og útbúa hina veglegustu veislu því að Freyja dóttir Njarðar í Nóatúnnum er á leið hingað til að giftast mér, sagði hann við hirðmennina.

Þegar hafrarnir runnu í hlað með kerruna stóð Þrymur úti og ávarpaði gestina:

– Hér á ég allt sem hugsast getur að verði jötnum til gleði, gullhyrndar kýr, kolsvarta uxa og ótalda dýrgripi. Það eina sem vantar er Freyja.

Þeir gengu inn og brátt hófst veislan. Fyrst var borið fram öl og dýrðlegur matur, bæði nautakjöt og lax. Þór hafði enga lyst haft síðasta sólarhringinn en tók nú rösklega til matar síns. Áður en nokkur vissi af var hann búinn að rífa í sig heilt naut og átta laxa en það var maturinn sem öllum konunum í veislunni hafði verið ætlaður. Með þessu þambaði hann þrjú ker af öli.

Þrym leist ekki á blikuna.

– Ég hef nú dvalið með jötnum alla mína daga en aldrei séð nokkra brúði éta og drekka annað eins, er þetta bara eðlilegt? stundi hann.

Loki hafði fylgst með Þór og reynt árangurslaust að gefa honum merki um að gæta sín á græðginni. Nú leit hann á Þrym og sagði grafalvarlegur:

– Vissulega er Freyja óvenju lystug í dag en á því er sú skýring að hún var svo spennnt að komast í Jötunheima að hún hefur hvorki braðgað vott né þurrt í átta daga.

Þá gekk Þrymur til Freyju.

– Ætlarðu að gefa mér einn koss, ljúfan? sagði hann, lyfti blæjunni og gægðist undir hana. En samstundis hrökk hann til baka og stundi:

– Hvernig stendur á að Freyja er svona grimmdarleg til augnanna?

– Það er ekkert að marka. Hún hefur ekki sofið blund í átta nætur fyrir spenningi, sagði Loki.

– Er það svo já? Þá er eins gott að hún þurfi ekki að bíða lengur eftir að verða konan mín, svaraði Þrymur.

Hvernig skrautgripi var Þór með þegar hann lagði af stað? _____

Hvernig vildi Þrymur láta skreyta bekkina í höllinni? _____

Hvað sagði Þrymur að væri það eina sem hann vantaði? _____

Hvað var í matinn í veislunni? _____

Af hverju hafði Þór svona góða lyst? _____

Hvað sagði Loki að væri skýringin á því hvað Þór var grimmdarlegur til augnanna?

VEISLA ÆGIS

Hafi íbúum Ásgarðs þótt sjónhverfingarnar takast vel þegar Ægir heimsótti þá bliknuðu þær miðað við það sem hér var í gangi. Í stað kertaljósa varpaði lýsigull björtum ljóma um allan salinn og mjöðurinn rann sjálfkrafa í glösin jafnóðum og þau tæmdust. Húsmóðirin, Rán, var upptekin þegar þau komu, hún var að hengja upp netin sín, en tveir þjónustumenn voru á staðnum til að aðstoða ef gesti vantaði eitthvað. Þeir hétu Eldir og Fimafengur og þóttu ákaflega liprir.

– Þvílíkir þjónar, ég vildi að við Þór hefðum þá heima hjá okkur, skríkti Sif.

– Hann Fimafengur er nú algjör gersemi, ég held bara að ég reyni að ráða hann til mín, svaraði Freyja.

Loki gnísti tönnum.

– Sér er nú hver gersemin, hrópaði hann, dró sverðið sitt úr slíðrum og hjó því í brjóst Fimafengs. Hann hneig niður og þau sáu hvernig lífið slokkaði í augunum.

Það varð uppi fótur og fit. Æsir þyrptust að og allir voru öskureiðir við Loka. Þeir ráku hann út og sögðust aldrei vilja sjá hann framar.

Loki lufsaðist út og gnísti tönnum af reiði. Hann lauk við mjöðinn úr krúsinni sinni og ákvað svo að fara inn aftur og láta goðin heyra það óþvegið.

Veislan sem átti að vera svo ánægjuleg breyttist í skelfilegt rifrildi. Loki þambaði öl og sagði allt það ljótasta sem honum datt í hug um goðin og gyðjurnar og á endanum stundi Frigg:

– Ef Baldur sonur minn væri hér þá slyppir þú ekki heill á húfi úr þessari veislu.

– Baldur mun ekki skaða mig, ég hef séð fyrir því, skríkti Loki og hvolfdi í sig ölinu.

Æsir litu hver á annan. Skessan Þökk hafði þá verið Loki sjálfur í dulargervi eins og marga hafði grunað. Þeir krepptu

hnefana, nú var ekki nema um eitt að ræða en það yrði að bíða morguns því að í dag ætluðu þeir að skemmta sér.

Einmitt þá stormaði Þór inn í salinn. Heljarmikil ölkrús sveif á móti honum, hann greip hana og tæmdi í einum sopa. Svo sneri hann sér að Loka og þrumaði:

– Nú átt þú um tvennt að velja. Annaðhvort heldurðu þér saman eða ég hegg af þér þennan andstyggilega haus!

– Hvað ert þú að þrasa. Þú sem þorir ekki einu sinni að berjast við úlfinn, son minn, þó að þú vitir að hann ætlar að éta þabba þinn.

– Ég læt hamarinn vaða, öskraði Þór.

Loki leit yfir hópinn.

– Nú er ég búinn að segja ykkur allt sem ég veit um ykkur og líka hvað mér finnst um ykkur. Ég ætla að forða mér áður en Þór drepur mig fyrir það. Ég þakka Ægi fyrir mig.

Að svo mæltu tæmdi hann krúsina og skundaði út. Eftir sátu æsir og reiðin kraumaði í þeim.

– Gjörði þið svo vel og njótið veitinganna! hrópaði Ægir.

Allir skáluðu í botn. Nú var stund til að skemmta sér. Á morgun kæmi að skuldadögum.

Hvað var Rán að gera þegar veislan hófst? _____

Hver hellti öli á glösin þegar þau tæmdust? _____

Hvern drap Loki í veislunni? _____

Hvað gerðu goðin til að hegna Loka? _____

Hver var skessan Þökk? _____

Hvað sveif á móti Þór þegar hann kom í salinn? _____

Hver fór úr veislunni á undan hinum? _____

MÁTTUR GALDRASTAFANNA

Persónur: Pulur, Skírnir, Gerður, smalamaður

- Pulur:** Að morgni reið Skírnir í hlað á Gymisgörðum sem voru umgirtir rammlegri trégirðingu. Framan við hana stóðu stórir hundar sem urruðu og slefuðu af grimmd. Skammt frá sat smalamaður á haug og Skírnir sneri sér að honum.
- Skírnir:** Hvernig kemst ég fram hjá þessum hundum? Ég þarf að ræða við manneskju þarna inni.
- Smalamaður:** Ef þú ert að hugsa um að hitta Gerði Gymisdóttir hlýturðu að vera annaðhvort feigur eða dauður.
- Skírnir:** Örlagadísirnar eru löngu búnar að ákveða líf mitt og aldur svo að ég er ekkert hræddur við að reyna.
- Smalamaður:** Það eru naumast merkilegheit í þessu mannkerti.
- Pulur:** Skírnir stökk af baki með svo miklum látum að jörðin dunaði. Gerður heyrði hávaðann og sendi eftir Skírni.
- Gerður:** Komdu sæll, á hvaða ferðalagi ert þú eiginlega?
- Skírnir:** Freyr býður þér ellefu gullin epli ef þú vilt verða konan hans.
- Gerður:** Ég vil ekki sjá nein epli og aldrei í lífinu mun ég játaast Frey, enda hefur mér alltaf þótt vanir heldur lítilfjörlegar persónur.
- Skírnir:** Hann býður þér líka hring sem nefnist Draupnir. Af honum drjúpa átta hringar af sömu þyngd níundu hverja nótt.
- Gerður:** Mig vantar ekki gull, það er nóg af því hér í foreldrahúsum.
- Pulur:** Skírnir beit á jaxlinn. Hér dugðu greinilega engin vettlingatök.
- Skírnir:** Ég á töfrasprota sem ég skal temja þig með svo að þú gefist upp. Fyrst set ég þig niður á arnarþúfu og þá færðu sama ógeð á mat og

aðrir hafa á ornum. Allir munu hlæja að þér og magnaðar óvættir skulu kúga þig. Þú verður aldrei glöð en þekkir aðeins sorg og tár. Þú skalt lifa ömurlegu lífi með þríhöfða þursi. Hann geymir þig innan við hlið heljar, sem heitir Nágrindur. Þar munu þrælar gefa þér geitarhland að drekka.

Þulur: Gerður var orðin fól á brá en sagði ekkert. Skírnir tók fram sprota sem hann hafði geymt innan á sér.

Skírnir: Nú risti ég þér galdrastafi ...

Þulur: Gerður stökk upp, teygði sig í hrímgáðan bikar og rétti honum.

Gerður: Slakaðu nú á og súptu þennan forna mjöð. Ég slæ til þó að ég hafi takmarkaða trú á að ég verði ástfangin af Frey.

Skírnir: Hvenær viltu þá hitta hann?

Gerður: Barri nefnist friðsæll lundur sem ég held að við þekkjum öll. Þar mun ég mæta Frey eftir níu nætur.

Þulur: Skírnir lauk úr bikarnum, kvaddi og reið í loftköstum heim.

VEISLA HJÁ ÚTGARÐA-LOKA

Persónur: Pulur, Loki, Þór, Útgarða-Loki, Röskva, Þjálfur

Pulur: Um miðjan dag komu þau að háum kastala. Þau gengu að hliðinu á girðingunni sem í kringum hann var og Þór reyndi árangurslaust að opna það.

Loki: Við verðum að komast inn, við förum ekki að gefast upp núna.

Röskva: Ég held að við getum skriðið á milli rimlanna.

Pulur: Röskva stakk hausnum inn um eina rifuna og mjakaði sér í gegn. Þeir hinir voru ekki seinir á sér að leika sama leikinn og brátt voru öll komin inn fyrir.

Þau gengu inn í höllina og þar sat fjöldi manns á tveimur bekkjum. Allir voru þeir hávaxnir og stórkarlalegir. Svo komu þau auga á konunginn, Útgarða-Loka, gengu til hans og heilsuðu.

Útgarða-Loki: Ég trúir því varla að þessi stráklingur sé sjálfur Ökuþór? Þú hlýtur aldeilis að leyna á þér.

Þór: Ætli við látum ekki reyna á það.

Útgarða-Loki: Hvaða íþróttir kunnið þið, piltar mínir? Hér í Útgarði fær enginn að vera nema hann geti sigrað aðra í einhverjum listum.

Pulur: Þá steig Loki Laufeyjarson fram, hann var að deyja úr hungri og sá sér nú leik á borði að fá magafylli. Hann kastaði kveðju á nafna sinn og sagði:

Loki: Ég hefði gaman af að sjá hvort einhver af þínum mönnum er fljótari að éta matinn sinn en ég.

Útgarða-Loki: Það líst mér vel á. Komdu hingað Logi!

Pulur: Tveir jötnar báru inn heljarmikið trog fullt af nýslátruðu kjöti. Logi og Loki settust hvor við sinn enda og hófu átið. Þeir mættust nákvæmlega á miðri leið og þá hafði Loki klárað allt kjöt utan af beinunum en Logi etið kjötið, beinin og trogið með.

- Útgarða-Loki:** Það er augljóst mál að Logi hefur unnið þennan kappleik. Þá er það Þjálfi, hvað vilt þú gera?
- Þjálfi:** Ég vildi gjarnan reyna mig í spretthlaupi.
- Útgarða-Loki:** Ekki skal standa á því. Komdu Hugi, þú átt að keppa við drenginn.
- Pulur:** Piltarnir stilltu sér upp og hlupu af stað. Það stóðst á endum að þegar Þjálfi kom í mark var Hugi rétt kominn og búinn að snúa sér við.
- Útgarða-Loki:** Þú verður að herða þig ef þú ætlar að vinna leikinn, Þjálfi. Nú skuluð þið taka annan sprett.
- Pulur:** Þeir tóku á rás og þegar Hugi náði í mark átti Þjálfi töluverðan spotta eftir.
- Útgarða-Loki:** Hræddur er ég um að Þjálfi vinni ekki þennan leik. En þó skuluð þið reyna ykkur í þriðja sinn.
- Pulur:** Þeir gerðu það og nú var Þjálfi aðeins hálfnaður þegar Hugi hafði lokið sprettinum.
- Útgarða-Loki:** Þá vitum við það. Nú langar mig að heyra hvaða íþrótt þú velur þér, Þór. Maður hefur ekki heyrt svo lítið látið af afrekum þínum.
- Þór:** Ég kys að fara í kappdrykkju við einhvern hér.
- Pulur:** Útgarða-Loki gekk inn í höllina og bað hirðmann sinn að koma með drykkjarhornið sem hirðmenn hans drykkju venjulega úr. Hirðmaðurinn kom og rétti Þór hornið.
- Útgarða-Loki:** Það þykir vel af sér vikið ef maður klárar úr þessu horni í einum teyg. Margir gera það þó í tveimur og enginn hér er svo aumur að hann tæmi það ekki í þremur.
- Pulur:** Þór leit á hornið og sýndist það ekki mjög stórt en þó dálítið langt og mjótt í neðri endann. Hann bar það að vörum og drakk af mikilli áfergju, sannfærður um að sér tækist að tæma það í einum teyg. En þegar hann var orðinn svo móður af drykkjunni að hann varð að stoppa, leit hann niður í hornið og sýndist næstum ekkert hafa minnkað í því.
- Útgarða-Loki:** Hvað er að sjá, ég hélt nú að Ásaþór yrði fljótari en þetta að tæma hornið. En þú vilt sjálfsagt reyna aftur.

Þulur: Þór svaraði ekki en byrjaði aftur að drekka.
Þegar hann lét hornið síga sá hann enn lítinn mun.

Útgarða-Loki: Þú ert sannarlega ekki það mikilmenni sem æsir halda fram ef þú stendur þig ekki betur í öðrum leikjum en þessum, stundi hann.

Þulur: Þá reiddist Þór, lyfti horninu að vörum og þambaði sem mest hann mátti. Og þegar drykknum lauk sá hann loksins að eitthvað hafði lækkað í því.

Útgarða-Loki: Þá vitum við hversu öflugur þú ert. En ef þú vilt reyna eitthvað annað þá er þér það svo sem velkomið.

Þór: Það vil ég. En ég verð þó að láta ykkur vita að heima í Ásgarði þættu svona drykkir ekki smáir. Hvaða leiki viljið þið nú bjóða mér? svaraði Þór.

Útgarða-Loki: Unglingarnir hérna leika sér stundum að því að lyfta kettinum mínum. Ég mundi nú ekki bjóða Ásaþór upp á það ef ég væri ekki búinn að sjá hvað þú ert miklu kraftminni en ég hélt.

Þulur: Þá hljóp grár köttur inn á hallargólfið. Þór leist ekkert á stærðina á honum en gekk þó til hans, stakk hendinni undir kviðinn og lyfti honum upp. En kötturinn setti á sig kryppu sem hækkaði því meir sem Þór teygði höndina upp. Þór ætlaði ekki að gefast upp og teygði sig enn og þá lyfti kötturinn einum fæti frá jörðu.

Útgarða-Loki: Þannig lauk þeim leik, rétt eins og mig grunaði. Og ekki við öðru að búast þar sem Þór er bara smákríli miðað við okkur hér.

Þór: Þú kallar mig lítinn en ég spyr hver hér inni sé tilbúinn til að glíma við mig, því nú er ég reiður.

Útgarða-Loki: Ég sé engan mann hér inni sem ég get boðið upp á það. Ég held ég láti bara kalla í Elli gömlu, fósturu mína. Vill ekki einhver sækja hana og sjá hvort hún er til í slaginn. Hún hefur fellt þá menn sem voru vasklegri en Þór.

Þulur: Þá gekk gömul kona inn í höllina og Útgarða-Loki bað hana að glíma við Þór. Hún kinkaði kolli og þau hófu glímuna. Þór neytti allra bragða sem hann kunni en kerlingin haggðist ekki. Loks tók hún að beita brögðum og þá mátti Þór hafa sig allan við. Á endanum tókst henni að koma honum á annað hnéð en þá gekk Útgarða-Loki fram og sagði þeim að hætta.

Útgarða-Loki: Þór þarf ekki að glíma við fleiri hér.

Þulur: Nú var farið að líða á nóttu og Útgarða-Loki sagði að mál væri að hætta kappleikjum. Hann bauð gestunum sæti og þeir dvöldust þar alla nóttina í góðum fagnaði.

MJÖÐUR SKÁLDA OG LEIRSKÁLDA

Persónur: Pulur, Þór, Óðinn, Loki, Bragi, Baugi, Gunnlöð

- Pulur:** Dag nokkurn kom Þór heim úr austurvegi með ótrúlegar fréttir.
- Þór:** Kvasir er dauður.
- Pulur:** Menntu litu skelfingu lostnir hver á annan. Kvasir sem hafði orðið til úr friðartákninu þegar stríði ása og vana lauk. Hrákanum sem þeir blönduðu allir saman í stórri ámu. Kvasir sem allt vissi og hafði lagt land undir fót til að kenna fáfróðum mönnum víðs vegar um heiminn það sem þeir þurftu að vita.
- Bragi:** Hvað gerðist?
- Þór:** Dvergarnir Fjalar og Galar buðu honum heim til sín og drápu hann.
- Bragi:** Hvers vegna í ósköpunum gerðu þeir það?
- Þór:** Þeir vildu eignast skáldamjöld.
- Bragi:** Skáldamjöld?
- Þór:** Já, drykk sem er þannig gerður að allir sem bragða á honum verða skáld. Þeir létu blóðið úr Kvasi renna í kerin Són og Boðn og ketilinn Óðreri. Svo blönduðu þeir hunangi saman við blóðið og úr því varð þessi mjöður.
- Óðinn:** Þessa verður að hefna. Við förum og sækjum mjöðinn. Og dvergaskammirnar skulu fá að fjúka.
- Þór:** Það er ekki til neins að eltast við þá. Þeir eru flúnir inn í björgin og auk þess er mjöðurinn ekki hjá þeim lengur.
- Loki:** Hvar er hann þá?
- Þór:** Hjá Suttungi jötni. Hann er geymdur við Hnitbjörg og engin lifandi sála fær að bragða á honum.
- Loki:** Það er nú kannski hægt að laumast þangað svo að lítið beri á og fá sér dropa.

- Bragi:** Sannarlega væri ástæða til að fara og ná í mjöð handa mannfólkinu. Það er óþolandi að hlusta á þessa karla sem halda að þeir kunni að setja saman vísur. Þetta er allt skakkt og bjagað, stuðlar og höfuðstafir út og suður og hrynjandin skelfileg. Þvílík ósköp að vera guð skáldskapar innan um svona lið.
- Loki:** Við ættum kannski bara að drífa okkur.
- Þór:** Nei, þið skuluð alveg sleppa því. Gunnlöð dóttir Suttungs gætir mjaðarins og ykkur tekst ekki að gabba hana, svaraði Þór.
- Óðinn:** Við eigum þennan mjöð.
- Þór:** Vissulega eigum við hann af því að við sköpuðum Kvasi. En ég hef enga trú á að við náum honum.
- Pulur:** Óðinn gekk þegjandi burt og settist í Hliðskjálf. Hann litaðist um og kom brátt auga á Gunnlöðu.
- Óðinn:** Skyldi henni ekki leiðast? Ætli ég fengi ekki ölsopa hjá henni ef ég stytta henni stundir.
- Pulur:** Hann ákvað að reyna og lagði af stað gangandi snemma að morgni. Hrafnana skildi hann eftir heima og bað þá að fylgjast vel með allri veröldinni meðan hann væri í burtu og ónáða sig ekki nema mikið lægi við. Undir kvöld kom hann að stórum búgarði. Þar bjó Baugi, bróðir Suttungs. Óðinn réð sig í vinnu hjá honum um sumarið.
- Óðinn:** Að launum vil ég fá að drekka af miðinum hans Suttungs.
- Baugi:** Ég get engu lofað um það. Suttungur bróðir minn er svo ráðríkur, hann vill ekki hleypa nokkrum manni í Hnitbjörg þar sem Gunnlöð situr alein, langa daga og nætur og gætir mjaðarins. En ef þú stendur þig vel skulum við reyna að tala við hann í haust.
- Pulur:** Sumarið leið og Óðinn lauk öllu sem fyrir hann var lagt. Fyrsta vetrardag gekk hann fyrir Bauga og sagðist vilja fá kaupið sitt.
- Baugi:** Já, nú förum við og tölum við Suttung, svaraði hann.

- Pulur:** Þeir drifu sig af stað en ekki varð sú ferð til fjár. Suttungur sagðist eiga mjöðinn og þeir fengju ekki dropa af honum. Þeir fóru burt en Óðinn vildi ekki að gefast upp.
- Óðinn:** Nú sting ég upp á að við tökum til okkar ráða.
- Baugi:** Til er ég.
- Pulur:** Óðinn stakk hendi í vasann og dró upp stærðar bor.
- Óðinn:** Þetta er nafarinn Rati og nú skalt þú bora holu í gegnum bjargið svo að ég geti skriðið í gegn og hitt Gunnlöðu?
- Pulur:** Baugi horfði stórum augum á borinn sem hafði leynst þarna í vasanum án þess að nokkuð bæri á honum. Svo byrjaði hann að bora og bergið spændist upp, enda var Rati öflugur í meira lagi.
- Baugi:** Nú er þetta komið.
- Pulur:** Óðinn gekk að holunni og kíkti inn. Hann horfði á spænina sem lágu í hrúgum á botninum. Ekki gat hann séð alla leið í gegnum bjargið. Hann dró djúpt andann og blés eins fast og hann gat. Samstundis komu spænirnir fjúkandi í andlitið á honum.
- Óðinn:** Þú ert ekki kominn í gegn. Spænirnir leita hingað þegar ég blæs á þá.
- Pulur:** Baugi lufsaðist að bjarginu og hélt áfram að bora dálitla stund.
- Baugi:** Það er komið í gegn.
- Pulur:** Óðinn gekk að holunni og blés. Í þetta sinn leituðu spænirnir inn í holuna svo að nú náði hún augsýnilega í gegnum bjargið.
- Baugi:** Ætlarðu ekki að drífa þig?
- Óðinn:** Jú, nú fer ég,
- Pulur:** Hann breytti sér í orm og skreið inn í holuna. og fyrr en varði var hann kominn í gegn.
- Pulur:** Um leið og Óðinn var skriðinn út úr raufinni svipaðist hann um og sá hvar Gunnlöð sat á grasbala rétt hjá. Hann flýtti sér að skipta um ham og gekk til hennar.
- Óðinn:** Góðan dag.

- Gunnlöð:** Hver ert þú og hvað viltu hingað?
- Óðinn:** Bölverkur heiti ég og hef hug á að bragða á miðinum dýra sem þú geymir.
- Gunnlöð:** Mér er falið að gæta þess að enginn bragði á honum nema með leyfi föður míns og mig grunar að þú hafir ekki fengið það.
- Óðinn:** Satt segirðu. En fyrst ég er kominn hingað langar mig að rabba svolítið við þig?
- Pulur:** Gunnlöði leist vel á það enda var hún dauðleið á einverunni. Þau ræddu margt og skemmtu sér vel. Á endanum gat Óðinn samið um það við hana að ef hann dveldi hjá henni í þrjár nætur mætti hann drekka þrisvar sinnum af miðinum. Að morgni fjórða dags reis Óðinn úr rekkju, hæstánægður.
- Óðinn:** Jæja, nú fæ ég launin.
- Gunnlöð:** Mér sýnist þú hafa unnið til þeirra.
- Pulur:** Óðinn gekk að katlinum Óðreri, beygði sig og þambaði úr honum hvern einasta dropa í einum rykk.
- Óðinn:** Þá er fyrsti drykkurinn búinn.
- Pulur:** Svo sneri hann sér að kerjunum. Hann tæmdi Són í einum sopa, dró svo djúpt andann og svolgraði í sig miðinum úr Boðn. Hann leit á Gunnlöðu sem horfði furðu lostin á hann.
- Gunnlöð:** Ég trúí þessu ekki.
- Óðinn:** Takk fyrir mig.
- Pulur:** Svo brá Óðinn sér í arnarlíki og flaug heim í Ásgarð.

HERMÓÐUR Á HELVEGI

Persónur: Pulur, Hermóður, Baldur, Nanna, Hel, Ganglöt

- Pulur:** Hermóði var kalt. Hann var kominn langt norður í Niflheim og hér var allt frosið. Í níu daga hafði hann verið á ferðinni og aðeins blundað stundarkorn öðru hverju. Leiðin lá um dökka og djúpa dali og honum fannst þeir aldrei ætla að taka enda. Loks kom hann að straumharðri á og yfir hana lá brú sem var þakin lýsigulli. Hann reið yfir hana, þeysti áfram í norðurátt og stansaði ekki fyrr en hann kom til Heljar. Þar blasti við stór og mikil höll og Hermóður hélt heim að henni. Hann steig af baki og gekk inn í myrkan sal. Þar sat Baldur bróðir hans í öndvegi, ásamt Nönnu.
- Baldur:** Hermóður, ert þú kominn hingað! Ég er nú svo aldeilis hissa.
- Nanna:** Vertu innilega velkominn.
- Hermóður:** Ég er óskaplega þreyttur eftir ferðalagið. Gæti ég fengið að leggja mig?
- Pulur:** Baldur leiddi hann til sængur. Hermóður svaf alla nóttina og vaknaði hress að morgni.
- Hermóður:** Nú langar mig að ræða við Hel.
- Nanna:** Þá skulum við koma inn í Éljúðni, það er salurinn hennar.
- Hermóður:** Skrýtið nafn.
- Baldur:** Þau eru mörg skrýtin, nöfnin hér. Nú þarftu til dæmis að passa þig að detta ekki um Fallandaforað, það er þröskuldurinn við dyrnar inn í Éljúðni.
- Pulur:** Þeir gengu inn og þar sat Hel og var að borða. Hún hafði breyst mikið frá því að Óðinn fleygði henni forðum til Niflheims. Nú var hún mun stærri og miklu ljótari. Hún skóf matinn upp af diskinum og sleikti út um.

Hel: Ganglöt! komdu og taktu Hungur, ég er búin að borða!

Pulur: Fölleit þjónustuvofa gekk þunglamalega inn salinn og tók við diskinum.

Hel: Segðu svo Ganglata að hann verði að brýna Sult. Þetta bitur ekki á sinarnar sem ég er að reyna að koma niður.

Ganglöt: Ég skal gera það strax þegar ég er búin að búa um Kör.

Hel: Ég sagði þér í morgun að þú ættir að skipta á rúminu mínu, ekki bara að búa um það. Reyndu nú að muna það, letinginn þinn.

Ganglöt: Skal gert.

Pulur: Hel sneri sér að Hermóði.

Hel: Hvaða erindi átt þú hingað, sprellifandi maðurinn?

Hermóður: Ég er sendur til að biðja þig að sleppa Baldri. Ástandið í Ásgarði er skelfilegt. Ég veit bara ekki hvernig það endar ef við fáum Baldur ekki aftur.

Hel: Ég get ekki sleppt Baldri eins og ekkert hafi í skorist. En ef hann er jafnvinsæll og þú segir, er mögulegt að ég geti látið hann lausan. Til að það geti orðið verða menn og skepnur og allir hlutir lifandi og dauðir að gráta dauða hans. Ef einhverjum vöknar ekki um augu þá verður Baldur áfram hér.

Hermóður: Þakka þér fyrir.

Pulur: Þeir bræður gengu út úr Éljúðni.

Baldur: Okkur langar að biðja þig að taka gjafir heim til foreldra minna. Hér er hringurinn Draupnir. Láttu Óðin hafa þennan dýrgrip. Ég vil frekar vita af honum í Ásgarði en hér í Hel.

Nanna: Taktu þessa línstranga til Friggjar, þeir eiga vafalaust eftir að koma að góðum notum. Og svo langar mig að biðja þig að færa henni Fullu, vinkonu minni, þennan hring.

Pulur: Hermóður tók við gjöfunum, kvaddi þau vel og þeysti af stað til baka.

VEISLA ÆGIS

Persónur: Pulur, Loki, Sigyn, Frigg, Freyja, Sif, Þór, Ægir,

- Pulur:** Mánuðirnir liðu og loks kom að því að veisla Ægis yrði haldin. Brúnin lyftist á ásum og ásynjum öllum nema Sigyn sem var veik.
- Loki:** Verst að þú skulir vera lasin, ég verð þá bara að fara einn þó að mig langi svo sem ekkert til þess.
- Sigyn (hlær):** Þú hefur nú ekki talið það eftir þér hingað til að fara út um víðan völl og skilja mig eftir heima. Hins vegar er sjálfsagt að þú sleppir veislunni og verðir bara hér og hjúkrir mér ef þér finnst það skemmtilegra.
- Loki:** Ég ætla sko ekki að gera ásunum það til geðs.
- Sigyn:** Hvað áttu við? Heldurðu að þeir vilji ekki hafa þig með?
- Loki:** Auðvitað ekki. Þeir eru endalaust að reyna að ýta mér út í horn. Svo kenna þessi fiðl mér alltaf um allt.
- Sigyn:** Þú gerir líka ýmislegt sem þú ættir ekki að gera. Eins og þegar þú klipptir hárið af Sif.
- Loki:** Ef ég hefði ekki gert það ætti hún ekki þetta fína gullhár. Óðinn ætti ekki gullhringana og Þór ætti engan hamar. Það stendur ekki á þeim að hirða gjafirnar sem ég útvega þó að þeir líti niður á mig. Jæja, það er best að koma sér.
- Pulur:** Sigyn horfði með áhyggjusvip á eftir honum þegar hann hvarf út úr dyrunum.
- Sigyn:** Ég er hrædd um að þetta verði ekki góður dagur.
- Pulur:** Hafí íbúum Ásgarðs þótt sjónhverfingarnar takast vel þegar Ægir heimsótti þá bliknuðu þær miðað við það sem hér var í gangi. Í stað kertaljósa varpaði lýsigull björtum ljóma um allan salinn og mjöðurinn rann sjálfkrafa í glösin jafnóðum og þau tæmdust. Húsmóðirin, Rán, var

upptekin þegar þau komu, hún var að hengja upp netin sín, en tveir þjónustumenn voru á staðnum til að aðstoða ef gesti vantaði eitthvað. Þeir hétu Eldir og Fimafengur og þóttu ákaflega liprir.

Sif: Þvílíkir þjónar, ég vildi að við Þór hefðum þá heima hjá okkur.

Freyja: Hann Fimafengur er nú algjör gersemi, ég held bara að ég reyni að ráða hann til mín.

Loki: Sér er nú hver gersemin.

Þulur: Hann dró sverðið sitt úr slíðrum og hjó því í brjóst Fimafengs. Hann hneig niður og þau sáu hvernig lífið slokknaði í augunum.

Það varð uppi fótur og fit. Æsir þyrptust að og allir voru öskureiðir við Loka. Þeir ráku hann út og sögðust aldrei vilja sjá hann framar.

Loki lufsaðist út og gnísti tönnum af reiði. Hann lauk við mjöðinn úr krúsinni sinni og ákvað svo að fara inn aftur og láta goðin heyra það óþvegið.

Veislan sem átti að vera svo ánægjuleg breyttist í skelfilegt rifrildi. Loki þambaði öl og sagði allt það ljótasta sem honum datt í hug um goðin og gyðjurnar og á endanum stundi Frigg:

Frigg: Ef Baldur sonur minn væri hér þá slyppir þú ekki heill á húfi úr þessari veislu.

Loki: Baldur mun ekki skaða mig, ég hef séð fyrir því.

Þulur: Loki skríkti og hvolfdi í sig ölinu. Æsir litu hver á annan. Skessan Þökk hafði þá verið Loki sjálfur í dulargervi eins og marga hafði grunað. Þeir krepptu hnefana, nú var ekki nema um eitt að ræða en það yrði að bíða morguns því að í dag ætluðu þeir að skemmta sér.

Einmitt þá stormaði Þór inn í salinn.

Heljarmikil ölkrús sveif á móti honum, hann greip hana og tæmdi í einum sopa. Svo sneri hann sér að Loka og þrumaði:

Þór: Nú átt þú um tvennt að velja. Annaðhvort heldurðu þér saman eða ég hegg af þér þennan andstyggilega haus!

- Loki:** Hvað ert þú að þrasa. Þú sem þorir ekki einu sinni að berjast við úlfinn, son minn, þó að þú vitir að hann ætlar að éta þabba þinn.
- Þór:** Ég læt hamarinn vaða.
- Loki:** Nú er ég búinn að segja ykkur allt sem ég veit um ykkur og líka hvað mér finnst um ykkur. Ég ætla að forða mér áður en Þór drepur mig fyrir það. Ég þakka Ægi fyrir mig.
- Pulur:** Að svo mæltu tæmdi hann krúsina og skundaði út. Eftir sátu æsir og reiðin kraumaði í þeim.
- Ægir:** Gjörði þið svo vel og njótið veitinganna!
- Pulur:** Allir skáluðu í botn. Nú var stund til að skemmta sér. Á morgun kæmi að skuldadögum.

HUGTAKASAFN ÚR NORRÆNNI GOÐAFRÆÐI

(Birt með góðfúslegu leyfi frá Eddu útgáfu)

Alfaðir er eitt af fjölmörgum heitum *Óðins*.

Alsvinnur og Árvakur heita hestarnir sem draga kerru *Sólar*.

Andhrímnir er nafn steikarans sem sýður göltinn *Sæhrímni* í katlinum *Eldhrímni* í *Valhöll*.

Askur og Embla eru fyrstu manneskjurnar samkvæmt sköpunarsögu norrænnar goðafræði. Þau urðu til þegar fyrstu *goðin*, *Óðinn*, *Vilji* og *Vé*, fundu tvö tré á ströndu og gerðu úr þeim mannverur. Óðinn gaf þeim anda og líf, Vilji vit og skilning og Vé mál, heyrn og sjón.

Askur Yggdrasils sjá *Yggdrasill*.

Auðhumla heitir frumkýr sem varð til þegar hrímið draup í árdaga. Úr spenum hennar runnu fjórar mjólkurár sem nærðu *hrímpursinn Ými*. Auðhumla sleikti salta hrímsteina í þrjá daga og leysti úr þeim forföður goðanna, *Búra*.

Austri er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum sem gerður var úr höfuðskel *Ýmis*. Austri heldur uppi austurhorni himinsins, Norðri norðurhorninu, Suðri suðurhorninu og Vestri vesturhorninu.

Árvakur sjá *Alsvinni*.

Ás/Ásynjur sjá *æsir*.

Ása-Þór er eitt af heitum *Þórs*.

Ásgarður er bústaður *ása*. Hann stendur þar sem heimurinn rís hæst og þangað má komast um brúna *Bifröst*. Þar eru bústaðir *goðanna*, m.a. *Valhöll*.

Baldur er einn *ásanna*, sonur *Óðins* og *Friggjar*, eiginmaður *Nönnu* og faðir *Forseta*. Bústaður Baldurs er *Breiðablik*. Baldur er bestur og vitrastur *goðanna* og eftirlæti allra.

Baugi er *jötunn*, bróðir *Suttungs*.

Bergelmir er eini *jötunninn* sem ekki drukknaði í blóði *Ýmis*. Því eru allar ættir *hrímpursa* komnar af Bergelmi og konu hans. Ýmir var afi Bergelmis.

Bestla er jötnamær, dóttir *Bölþorns jötuns*. Með *Bor* á Bestla hin fyrstu goð, *Óðin*, *Vilja* og *Vé*.

Bifröst heitir brúin milli *Miðgarðs* og *Ásgarðs* sem *goðin* byggðu og sést frá jörðu sem regnbogi. Annar endi Bifrarstar er á himni, hjá *Himinbjörgum* þar sem *Heimdallur* býr. Á hverjum degi ríða *æsir* yfir Bifröst að *Urðarbrunni* til dóma.

Bil og Hjúki heita mennsk börn sem *Máni* tók til fylgdar við sig.

Bilskirnir er bústaður *Pórs*.

Boðn er eitt af þremur ílátum sem varðveitir *skáldamjöðinn*. Hin eru *Són* og ketillinn *Óðrerir*.

Bor heitir faðir fyrstu *goðanna*, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*. Bor er sonur *Búra* og kona hans var *Bestla*, dóttir *Bölþorns jötuns*. *Jötnar* eru þannig forfeður *goðanna* og voru til á undan þeim.

Bragi er norræni skáldskaparguðinn, sonur *Óðins*. Þess vegna er skáldskapur oft kallaður bragur. Kona hans er *Iðunn*.

Breiðablik heitir bústaður *Baldurs* og *Nönnu*. Það er fagur staður þar sem aldrei verður óhreint.

Brísingamen er skartgripur *Freyju*.

Búri er ættfaðir *ásanna* sem kýrin *Auðhumla* sleikti lausan úr hrimsteinum, faðir *Bors* og afi hinna fyrstu goða, *Óðins*, *Vilja* og *Vés*.

Bölverkur er nafnið sem *Óðinn* notaði þegar hann rændi *skáldamiðinum*.

Bölþorn heitir faðir *jötnameyjarinnar Bestlu*.

Dagur er sonur *Nætur* og persónugervingur dagsins. Hann ríður hestinum *Skinfaxa* yfir himininn en móðir hans, *Nótt*, ríður *Hrímfaxa*.

Dvergar eru vitrar verur sem búa undir björgum og í klettum. Þeir eru miklir hagleiksmenn. Dvergarnir *Austri*, *Norðri*, *Suðri* og *Vestri* halda uppi himninum, hver í sínu horni. Í Snorra-Eddu segir að dvergar hafi kviknað niðri í jörðinni eins og maðkar í holdi, þeir fyrstu í holdi *Ýmis*.

Einherjar eru menn sem deyja í bardaga og *valkyrjur* fara með til *Óðins* í *Valhöll*. Einherjar berjast daglangt á *Iðavelli* en að kvöldi rísa hinir föllnu upp og setjast að drykkju.

Aðeins þeir menn sem dóu í bardaga gátu orðið einherjar.

Eldhrímnir heitir ketillinn í *Valhöll* sem eldamaðurinn *Andhrímnir* matbýr í göltinn *Sæhrímnir*.

Embla sjá *Askur og Embla*.

Epli Iðunnar eru töfraepi sem halda *goðunum* ungum. Gyðjan *Iðunn* gætir eplanna.

Élivogar er mikil á sem rennur úr *Niflheimi*. Við *sköpun heimsins* flytur hún með sér kuldann sem mætir hitanum úr *Múspellsheimi* í *Ginnungagapi*. Við þann samruna kviknar fyrsta lífið, hrímþursinn *Ýmir*.

Fensalir heitir bústaður *Friggjar*.

Freyja er norræna ástargyðjan. Hún er af *vanaætt*, dóttir *Njarðar* og systir *Freys*. Freyja ekur um á vagni sem tveir kettir draga. Auk þeirra eru einkennisgripir Freyju valshamur, gölturinn *Hildisvíni* og *Brisingamen*. Freyja er oft í forsvari fyrir ásynjur og ævinlega girnast *jötnar* hana.

Freyr er mestur *goða* af ætt *vana* og mikilvægasta frjósemisgoð norrænnar goðafræði. Freyr er sonur *Njarðar* og bróðir *Freyju*. Freyr ræður fyrir regni, skini sólar og frjósemi jarðar.

Frigg er höfuðgyðja í heiðnum sið af *vanaætt* og einungis *Freyja* hefur mikilvægara hlutverki að gegna. Frigg er kona *Óðins* og á með honum eina dóttur og sex syni, m.a. *Baldur*. Bústaður hennar í *Ásgarði* heitir Fensalir. Þjónustumeysjar Friggjar eru *Fulla* og *Gná*.

Ginnungagap er hið mikla tóm sem var til fyrir *sköpun heimsins*. Fyrir norðan það varð hinn ískaldi *Niflheimur* til en að sunnan eldheimurinn *Múspellsheimur*.

Gjallarhorn er horn *ássins Heimdalls* sem hann blæs í til að vara *goðin* við þegar *ragnarök* skella á.

Goð/guð(ir) eru af tveimur meginættum: *æsir* og *vanir*. *Æsir* eru goð hernaðar og valda en *vanir* frjósemisgoð. Í árdaga háðu ættirnar mikil stríð en sömdu svo frið og skópu með

sætt sinni manninn *Kvasi*. Goðin standa fyrir það góða í norrænni goðafræði en *jötnar* og annað illþýði það illa. Heiðnir menn trúðu á og dýrkuðu goðin og hétu á þau til ólíkra hluta. Þekkt nöfn á goðum eru: *Óðinn, Þór, Njörður, Freyr, Týr, Heimdallur, Bragi, Víðar, Váli, Ullur, Hænir* og *Forseti*. Ekki er vitað hversu margar ásynjur voru í raun dýrkaðar sem slíkar í heiðni en þau nöfn sem nefnd eru í fornum heimildum eru: *Frigg, Freyja, Gefjun, Iðunn, Gerður, Sigyn, Fulla, Nanna, Sága, Eir, Sjöfn, Lofn, Vár, Vör, Syn, Hlín, Snotra, Gná, Sól* og *Bil*. *Loki* er jötnaættar en ævinlega með ásum enda fóstbróðir Óðins.

Gunnlöð heitir *jötnameirin* sem gætir *skáldamjaðarins*, dóttir *Suttungs*.

Hati er úlfurinn sem eltir *mánann* yfir himininn og mun gleypa hann í *ragnarökum*. Úlfurinn *Skoll* eltir *sólina*.

Heiðrún heitir geitin sem stendur á þaki *Valhallar*. Úr spenum hennar rennur hreinn *mjöður* í drykkjarker *einherja*.

Heimdallur er norrænt goð sem stundum er sagður faðir alls mannkyns. Hann á níu mæður sem allar voru systur. Hann á hestinn *Gulltopp* og lúðurinn *Gjallarhorn* og heyrir blástur hans í alla heima. Heimdallur býr í *Himinbjörgum* við *Bifröst* og gætir brúarinnar fyrir *bergrisum*. Hann þarf minni svefn en fugl og sér jafnt nótt sem dag hundrað rastir frá sér. (Röst er forn mælieining sem nemur um 12 km.) Hann heyrir og gras vaxa á jörðu og ull á sauðum. Hann er svarinn óvinur *Loka*.

Hel heitir heimur hinna dauðu. Til Heljar koma þeir menn sem deyja ekki í bardaga. Vegurinn til Heljar nefnist *Helvegur*.

Himinbjörg heitir bústaður *Heimdallar* sem stendur við himins enda, við brúarsporð *Bifrastar*.

Hjúki sjá *Bil*.

Hliðskjálf er hásaeti Óðins og þaðan má sjá um heima alla.

Hrímfaxi heitir hesturinn sem *Nótt* ríður yfir heiminn.

Hrímpursar er annað heiti á *jötnum*. Það á rætur að rekja til þess að forfaðir jötna, *Ýmir*, varð til við *sköpun heimsins* þegar hrím mætti hita.

Hræsvelgur heitir *jötunn* í arnarham sem situr á enda heimsins og kemur vindinum af stað með vængjaslögum sínum.

Hvergelmir er uppspretta í *Niflheimi*, undir Aski *Yggdrasils*, sem úr falla ellefu ár. Í honum eiga öll vötn heimsins upptök sín. Í Hvergelmi býr *Níðhöggur*.

Iðavöllur er goðsögulegur völlum í miðjum *Ásgarði* þar sem askur *Yggdrasils* stendur. Á Iðavelli berjast *einherjar* dag hvern.

Iðunn er ein af *ásynjum* norrænu goðafræðinnar, gyðja ástar og æsku og kona *Braga*. Iðunn ræður yfir æskueplunum sem æsir éta til að halda sér ungum.

Jörð er goðvera sem telst til *ásynja* en er einnig sögð tröllkona. Þór er sonur hennar og *Óðins*.

Jötunheimur, -heimar er ógnvænlegt jötnaríki sem liggur utan *Miðgarðs* og skilja ár það frá mannheimi. Einnig nefndur *Útgarður*.

Loki er flóknasta og jafnframt neikvæðasta persónan í goðafræðinni. Faðir hans er jötunninn Fárbausti, móðir hans heitir Laufey eða Nál. Kona Loka heitir *Sigyn* og synir þeirra eru Narfi og Váli.

Máni er sonur *Mundilfara* og bróðir *Sólar*. Hann keyrir vagn mánans yfir himinhvolfið.

Miðgarður heitir miðja heimsins og sá staður þar sem mannfólkið býr.

Mundilfari er faðir *Sólar* og *Mána* sem *æsir* köstuðu upp á himininn.

Múspellsheimur heitir eldheimur og þaðan kom hitinn við *sköpun heimsins*.

Múspellssynir eru eldjötnar.

Naglfar er skip hinna dauðu sem sjósett er í *ragnarökum* og flytur *Múspellssyni* til bardaga við *goðin*. Naglfar er gert af nöglum dauðra manna og er stærst allra skipa.

Nanna er ein af *ásynjunum*, eiginkona *Baldurs*, dóttir Neps og móðir *Forseta*.

Niflheimur heitir staður í norðri sem var til fyrir *sköpun heimsins*. Milli hans og hins heita *Múspellshéims* er *Ginnungagap*. Ein af rótum asks *Yggdrasils* stendur yfir Niflheimi og undir henni er brunnurinn *Hvergelmir*.

Níðhöggur er dreki sem drekkur blóð dauðra og étur lík. Einnig er sagt að hann búi undir aski *Yggdrasils* og nagi rætur hans.

Njörður er norrænt goð af *vanacætt*, faðir systkinanna *Freys* og *Freyju*. Njörður er sjávar- og frjósemisgoð.

Nóatún er bústaður goðsins *Njarðar*.

Norðri sjá *Austri*.

Nornir skapa mönnum örlög samkvæmt norrænni goðafræði. Við *Urðarbrunn* sitja örlaganornirnar þrjár, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, og ráða örlögum manna.

Nótt er persónugervingur næturinnar.

Óðinn er æðsta goð norrænar goðafræði. Hann er aðallega goð skáldskapar, hernaðar og dauðans en einnig goð töfra, galdra og rúnastafa. Óðinn og bræður hans, *Vilji* og *Vé*, voru fyrstu goðin. Þeir eru synir *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*. Óðinn er kvæntur *Frigg* og þekktustu synir hans eru *Baldur* (með *Frigg*), *Þór* (með *Jörð*) og *Váli* (með *Rindi*), en börn Óðins eru miklu fleiri. Bústaður Óðins í *Ásgarði* heitir *Glaðsheimur*, þar er höllin *Valhöll* og hásætið *Hliðskjálf* þaðan sem Óðinn sér um heima alla.

Óðrerir er eitt af þremur ílátum sem varðveitir *skáldamjödinn*. Hin eru *Són* og *Boðn*.

Ratatoskur heitir íkorninn sem hleypur upp og niður stofn asks *Yggdrasils* og ber öfundarorð á milli drekans *Níðhöggs*, sem nagar rætur asksins, og arnarins sem situr í greinum hans.

Rökva heitir systir *Þjálf*a, þjóns *Þórs*. Þegar Þjálf gerir annan af höfrum Þórs haltan tekur Þór þau systkinin í bótaskyni og hefur þau með sér sem þjónustufólk í för sinni til *Útgarða-Loka*.

Sif er ein *ásynjanna*, eiginkona *Pórs* og móðir *Ullar*. Hún er frægust fyrir mikið og fallett hár.

Sigyn er eiginkona *Loka* og ein *ásynjanna*.

Skinfaxi heitir hesturinn sem *Dagur* ríður.

Skoll heitir úlfurinn sem eltir *sólina* á ferð hennar yfir.

Són er eitt af þremur ílátum sem varðveita *skáldamjödinn*.

Hin eru *Boðn* og ketillinn *Óðrerir*.

Skrýmnir heitir *jötunn* sem *Pór* hittir á leið sinni til

Útgarða-Loka.

Skuld sjá *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*; *norn*.

Sól er dóttir *Mundilfara* og systir *Mána*. Hún keyrir vagn sólarinnar um himinhvolfið sem hestarnir *Alsvinnur* og *Árvakur* draga.

Suðri er einn fjögurra *dverga* sem halda uppi himninum. Sjá *Austri*.

Suttungamjödur er annað heiti *skáldamjaðarins* sem *Suttungur* átti.

Suttungur heitir *jötunninn* sem átti *skáldamjödinn* áður en *Óðinn* rændi honum. Þess vegna er mjödurinn stundum kallaður *Suttungamjödur*. *Suttungur* er faðir *Gunnlaðar* sem gætti *mjaðarins*.

Sæhrímnir er gölturinn sem steikarinn *Andhrímnir* sýður dag hvern í katlinum *Eldhrímn* handa *einherjum* í *Valhöll* eftir að þeir hafa barist allan daginn. Kjötið af *Sæhrímn* nægir alltaf til að metta *einherjana*, sama hversu margir þeir eru, og á hverjum morgni rís gölturinn alheill upp á ný.

Tanngnjóstur og Tanngrisnir heita hafrar *Pórs*. Þeim má slátra og éta að kvöldi. Ef öllum beinum er kastað á húðirnar og *Mjölni* sveiflað yfir rísa þeir heilir upp að morgni.

Tröll, *jötunn* og *þurs* eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og *Pór* berst gjarnan við.

Týr er norræna himin-, stríðs- og þinggoðið, *jötunninn* *Hymir* er nefndur sem faðir hans en einnig sjálfur *Óðinn*. Hvergi er nefnt að hann eigi konu eða afkomendur.

Ullur er eitt *goðanna*, sonur *Sifjar* og stjúpsonur *Pórs*.

Urðarbrunnur er undir þeirri rót asks *Yggdrasils* sem stendur á himni. Þar eiga *goðin* dómstað sinn og þar er fagur salur þar sem örlaganornirnar, *Urður*, *Verðandi* og *Skuld*, sitja og skapa mönnum örlög. Á hverjum degi taka nornirnar vatn úr brunninum og ausa upp yfir askinn.

Útgarður eða jötunheimar er svæðið sem liggur utan þess hluta heimsins sem menn og *goð* byggja og er bústaður *jötna*, *þursa* og annars illþýðis. Í Útgarði er illt að vera og erfitt að rækta jörðina og því sækja jötnar sífellt í land *ása*.

Valhöll heitir bústaður *Óðins* í *Ásgarði* og þangað safnar hann öllum þeim sem deyja í bardaga og gerir þá að *einherjum*. Veggir Valhallar eru þaktir spjótum og skjöldum og brynjur liggja á bekkjum. *Valkyrjur* vísa einherjum til sætis í Valhöll þar sem þeir borða kjöt af geltinum *Sæhrímni* og drekka mjöð úr spenum geitarinnar *Heiðrúnar*.

Valkyrjur eru stríðsmeyjar sem hafa áhrif á gang orrustu. Þær ráða því hverjir deyja og verða að *einherjum*. Valkyrjur færa *Óðni* hinar föllnu hetjur til *Valhallar* og bera *einherjum* öl.

Vanir er önnur tveggja goðaætta (hin er *æsir*) og kemur úr Vanaheimum.

Vé(i) er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, bróðir *Óðins* og *Vilja*.

Vilji er eitt hinna fyrstu *goða*, sonur *Bors* og tröllkonunnar *Bestlu*, og bróðir *Óðins* og *Vés*.

Vingólf eða **Víngólf** er fagur salur gyðjanna í *Ásgarði*.

Víðar heitir einn *ásanna*, sonur *Óðins* og tröllkonunnar *Gríðar*.

Völva er kona sem getur spáð fyrir um framtíðina.

Yggdrasill eða **askur Yggdrasils** heitir heimstré hinna norrænu goðsagna. Króna hans breiðir sig yfir allan heiminn og rætur hans teygja sig til þriggja átta. Ein rótin nær til *Niflheims*, þar er brunnurinn *Hvergelmir* og drekinn *Níðhöggur* nagar rótina. Önnur rótin er í *Jötunheimum*, þar

er Mímisbrunnur og vitri jötunninn *Mímir*. Þriðja rótin er á himnum, við hana er *Urðarbrunnur*.

Ýmir heitir frumjötunn norrænu sköpunarsögunnar. Hann var tvíkynja og jók kyn sitt þannig að annar fótur hans eignaðist son með hinum og eru þaðan komnar ættir *hrímpursa*.

Þjálfri heitir þjónn Þórs, bróðir *Röskvu*.

Þór er hinn norræni þrumuguð. Hann er sonur *Óðins* og bróðir *Baldurs*. Móðir Þórs er *Jörð*. Nöfn allra barna Þórs minna á ógurlega krafta hans: synir hans eru *Móði* og *Magni* og dóttir hans heitir *Þrúður*. Kona Þórs heitir *Sif* og *Ullur* er stjúpsonur hans. Þór er stór vexti, sterklegur og rauðskeggjaður, með stingandi augnaráð og mikill drykkju- og matmaður. Þór er sterkastur *ása* og ver *goð* og menn gegn hættulegum öflum *Útgarðs: jötnum* og *Miðgarðsormi*. Höll Þórs stendur á Þrúðvangi í *Ásgarði* og heitir *Bilskirnir*. Þór á mikinn vagn sem hafrarnir *Tanngrisnir* og *Tanngnjóstur* draga.

Þrúðvangur er staður í *Ásgarði* þar sem bústaður Þórs, *Bilskirnir*, stendur.

Þurs, *jötunn* og *tröll* eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr *Útgarði* sem ógna *Ásgarði* og *Miðgarði* og *Þór* berst gjarnan við.

Æsir eru stærri ættin í norrænni goðafræði. Hin ættin er *vanir*. Til ása teljast helstu og æðstu *goðin*. Eftir *sköpun heimsins* bjuggu æsir til röð og reglu, settu *sól* og *mána* upp á himininn þannig að sólarhringurinn skiptist í *dag* og *nótt*. Þeir reistu *Ásgarð*. Vegna *epla Iðunnar* haldast æsir síungir.

Öku-Þór er auknefni Þórs sem væntanlega er dregið af því að einn einkennisgripa Þórs er vagn sem dreginn er af tveimur höfrum, *Tanngnjósti* og *Tanngrisni*.